

## SAMÞYKKT

### um gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld í Vopnafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

##### *Gjöld samkvæmt samþykkt þessari.*

Lóðarhafar og framkvæmdaaðilar innan Vopnafjarðarhrepps greiða til sveitarfélagsins eftirtalin gjöld samkvæmt samþykkt þessari:

- A. Gatnagerðargjald.
- B. Byggingarleyfisgjald.
- C. Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna mannvirkjamála.
- D. Framkvæmdaleyfisgjöld.
- E. Gjöld vegna vinnu eða breytinga á skipulagsáætlunum.

#### 2. gr.

##### *Gatnagerðargjald.*

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli Vopnafjarðarhrepps, samkvæmt samþykktu deiliskipulagi eða staðfestu aðalskipulagi, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. lög um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu og viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Gjaldinu skal þannig m.a. varið til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttar, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

Stofngjöld fráveitu og vatnsveitu og byggingarleyfisgjöld eru innheimt sérstaklega og eru ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

#### 3. gr.

##### *Gjaldstofn gatnagerðargjalds og tímamark álagningar.*

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- a. Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Þó skal aldrei miða álagninguna við herra nýtingarhlutfall en 0,4 fyrir einbýlishús.
- b. Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til. Gildir þá jafnframt:
  1. Gatnagerðargjald skal innheimt vegna stækkunar byggingar sem nemur fermetrafjölda stækkunar.
  2. Gatnagerðargjald skal innheimt ef reist er ný og stærri bygging í stað annarrar á sömu lóð sem stækkuninni nemur. Gildir þessi regla um byggingar sem samþykkt er byggingarleyfi fyrir allt að fimm árum eftir að leyfi er gefið fyrir niðurrifi byggingar. Að öðrum kosti skal greiða fullt gatnagerðargjald.
  3. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færist í hærri gjaldflokksins. 4. gr. skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldflokksins. Lóðarhafi, eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færist í lægri gjaldflokk við slíka breytingu. Hafi gatnagerðargjald verið lagt á í samræmi við a-lið greinarinnar skal ekki greitt af viðbyggingu, nema að því leyti sem viðbygging felur í sér herra nýtingarhlutfall

en fyrri álagning byggði á, þó ekki í tilvikum þar sem hámark skv. 1. mgr. 4. gr. um einbýlishúsalóðir á við.

## 4. gr.

*Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Við álagningu gatnagerðargjalds skv. a-lið 2. mgr. 3. gr. skal gatnagerðargjald reiknað út frá fermetrafjölda skv. tilgreindu hámarksnýtingarhlutfalli lóðar sbr. 3. gr. Sé þess óskað að byggja meira en nýtingarhlutfall lóðar segir til um skal greiða gatnagerðargjald miðað við það nýtingarhlutfall. Um einbýlishúsalóðir gildir þó alltaf að aldrei skuli miða álagningu við hærra nýtingarhlutfall en 0,4.

Við álagningu gatnagerðargjalds skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. skal gatnagerðargjald reiknað út frá raunfjölda fermetra byggingar, hvort sem um er að ræða viðbyggingu, endurbyggingu, breytingu notkunar eða önnur tilvik.

Af hverjum fermetra skal greiða ákveðinn hundradshluta byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar. Hundradshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án bílageymslu	6,50%
Par-, rað- og keðjuhús, með eða án bílageymslu	6,00%
Fjölbýlishús með eða án bílageymslu	4,00%
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	5,20%
Iðnaðar- og geymsluhúsnæði	4,50%
Aðrar byggingar	3,00%

Fjárhæðir taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (nú 232.034 kr./m<sup>2</sup>.) grunnur er byggingarvísitala fyrir nóvember 2020, 148,4 stig.

## 5. gr.

*Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.*

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- a. Óeinangruð hús, minni en 10 fermetrar.
- b. Óupphituð svalaskýli íbúðarhúsa sem eru 20 fermetrar eða minni.

## 6. gr.

*Sérstök lækkunarheimild gatnagerðargjalds.*

Sveitarstjórn er heimilt skv. 6. gr. laga nr. 153/2006 að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður.

## 7. gr.

*Gjalddagar og greiðsluskilmálar.*

Gjalddagi 50% gatnagerðargjalds er við lóðarveitingu og gjalddagi eftirstöðva þegar byggingarleyfi er veitt, þó eigi síðar en 6 mánuðum frá lóðarúthlutun. Hafi gjöldin eigi verið greidd innan ofangreinds frests, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi. Gjalddagi gatnagerðargjalds í öðrum tilvikum en við úthlutun lóðar miðast við útgáfu byggingarleyfis.

Umsækjandi lóðar, sem fengið hefur sömu lóð úthlutað án þess að greiða innan mánaðar gatnagerðargjald, fær ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn, nema fyrir liggi greiðsla gatnagerðargjalds.

Eindagi gjalda skv. samþykkt þessari er 30 dögum eftir gjalddaga.

## 8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

## 9. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð eða fellur niður, sbr. reglur sveitarfélagsins um úthlutun lóða
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 90 daga, vegna endurgreiðslu skv. a-lið 1. mgr. Sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis sbr. b-lið 1. mgr., en þá skal gatnagerðargjald endurgreitt innan 90 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist endurgreiðslu.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006, sbr. breytingu á þeim með lögum nr. 6/2009.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfi var veitt á fyrir gildistöku laga nr. 6/2009 þann 4. mars 2009, skal verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags.

#### 10. gr.

##### *Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.*

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Vopnafjarðarhrepp fyrir gildistöku samþykktar þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem hreppsnefnd hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hafa undirgengist, fer eftir þágildandi gjaldskrá.

#### 11. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir.

Byggingarleyfisgjald er grunngjald, að viðbættu gjaldi pr. m<sup>3</sup> byggingar. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 15 m<sup>2</sup> eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innfalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit, eftir því sem við á.

	<i>Tegund byggingar/framkvæmdar</i>	<i>Grunngjald, kr.</i>	<i>m<sup>3</sup>-gjald, kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
A	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli og í dreifbýli stærri en 15 m <sup>2</sup>	50.500	370	
B	Byggingar á athafnasvæðum og iðnaðarsvæðum og hafnarsvæðum	103.100	216	
C	Byggingar á verslunarsvæðum og miðsvæðum	149.115	370	Rúmmetragjald pr. m <sup>3</sup> upp að 1.000 m <sup>3</sup>
D	Byggingar á svæðum fyrir opinberar stofnanir	149.115	370	Rúmmetragjald pr. m <sup>3</sup> upp að 1.000 m <sup>3</sup>
E	Byggingar á svæðum fyrir frístundahús	11.500	68	
F	Byggingar á landbúnaðarsvæðum, aðrar en íbúðarhús og hús til gistireksturs	11.500	68	Rúmmetragjald pr. m <sup>3</sup> upp að 1.000 m <sup>3</sup>
G	Byggingarleyfi vegna sólpalla, loftneta, girðinga, minni háttar breytingar á húsnæði o.þ.h.	11.500	0	
H	Gjald vegna leyfisskylds niðurrifs mannvirkja	22.910	0	
I	Endurnýjun byggingarleyfis (óbreytt endurnýjun)	22.910		

## 12. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna mannvirkjamála.*

Gjalddagi afgreiðslu- og þjónustugjalda vegna mannvirkjamála samkvæmt eftirfarandi töflu miðast við útgáfu viðkomandi vottorða og ákveðst samhliða því að önnur þjónusta er veitt.

	<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald, kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
12.1	Móttaka og skráning erinda	8.200	
12.2	Útgáfa stöðuleyfis	21.625	Eftirlit og úttekt byggingarfulltrúa sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. miðist við stöðuleyfi í eitt ár
12.3	Lóðarúthlutunargjald	45.815	Greiðist við úthlutun lóðar og er óendurkræft, þó úthlutun gangi til baka
12.4	Fokheldisvottorð	21.625	
12.5	Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	27.500	
12.6	Lokavottorð og lokaúttekt	34.600	Krónur 34.600 fyrir hús á svæðum fyrir verslun og þjónustu, opinberar byggingar, iðnað og athafnasvæði. 50% lægra gjald fyrir aðrar byggingar
12.7	Öryggisúttekt	16.375	Ef um er að ræða hús stærri en 250 fm er gjaldið 34.800
12.8	Stöðuskoðun	8.200	
12.9	Eignaskiptayfirlýsingar	11.500	
12.10	Vottorð vegna vínveitingaleyfa	27.500	
12.11	Yfirferð aðaluppdráttar	19.235	
12.12	Yfirferð séruppdráttar	16.375	Auk þess greiðast 56 kr. fyrir hvern rúmmetra upp að 2.000 rúmmetrum
12.13	Áritun og frágangur	8.200	
12.14	Ljósritun gagna	8.200	
12.15	Svör við fyrirspurnum	8.200	
12.16	Almenn umsýsla embættis	16.375	Bréf, reikningar o.þ.h.
12.17	Skráning og uppfletting í byggingargátt Mannvirkjastofnunar	8.200	
12.18	Staðfesting eignaskiptayfirlýsinga	8.200	
12.19	Skráning	8.200	Skráning í Þjóðskrá og hjá öðrum opinberum stofnunum. Ef um er að ræða stærri byggingar en 100 fm er gjaldið kr. 16.375
12.20	Gerð stofnskjala vegna lóða	11.500	Þegar hús er fokhelt, við bætist þinglýsingarkostnaður vegna lóðarleigusamninga og stofnskjala
12.21	Aukaúttekt byggingarfulltrúa	9.300	
12.22	Úttekt vegna útleigu húsnæðis	27.800	
12.23	Skannaðar teikningar og ljósritaðar teikningar. Stærri blöð en A4	900	Á einnig við um teikningar sem eru sendar rafrænt

## 13. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjöld.*

Innheimta skal framkvæmdaleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitið, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyprar þjónustu. Framkvæmdaleyfisgjald

samkvæmt eftirfarandi töflu er innheimt við útgáfu framkvæmdaleyfis. Gjaldagi eftirlitsgjalds er í kjölfar eftirlits:

<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald, kr.</i>	<i>Athugasemdir</i>
13	Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis:	
13.1	Afgreiðslugjald	7.900
13.2	Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	182.800
13.3	Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	117.600
13.4	Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	13.100
		Tímagjald byggingarfulltrúa og/eða aðkeypt vinna, skv. reikningi

## 14. gr.

*Gjöld vegna vinnu eða breytinga á skipulagsáætlunum.*

Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda er innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar, samkvæmt eftirfarandi töflu. Gjaldið skal ekki nema hærra upphæð en nemur kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar og eru einstakir gjaldaliðir því settir fram til viðmiðunar.

Gjaldagi gjalda vegna skipulagsáætlana miðast við það þegar vinna fer fram og/eða kostnaður fellur til.

## 15. gr.

	<i>Gjald kr.</i>	
15.1	Afgreiðslugjald	12.975
15.2	Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga	129.750
15.3	Framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. sem falla undir flokk C í lögum um mat á umhverfisáhrifum	155.700
15.4	Framkvæmdaleyfi skv. 14. gr. skipulagslaga	194.625
15.5	Eftirlitsgjald vegna umfangsmikilla framkvæmdaleyfa skal innheimt samkvæmt samningi, sbr. 9. gr. þessarar samþykktar.	
	Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi	

## 16. gr.

	<i>Gjald kr.</i>	
16.1	Afgreiðslugjald	12.975
16.2	Umsýslukostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga	324.375
16.3	Umsýslukostnaður vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	194.625
16.4	Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi	

## 17. gr.

	<i>Gjald kr.</i>	
17.1	Afgreiðslugjald	12.975
17.2	Gjald vegna vinnu skipulagsfulltrúa við gerð lýsingar skipulagsáætlunar og/eða yfirlestur og yfirferð á lýsingu sem og önnur umsýsla	194.625
17.3	Umsýslukostnaður vegna nýs deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	389.250

17.4	Hafi embætti skipulagsfulltrúa milligöngu um gerð nýs deiliskipulags skal innheimt skv. samningi, sbr. 9. gr. þessarar samþykktar	
17.5	Umsýslukostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	324.375
17.6	Umsýslukostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	194.625
17.7	Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi	

## 18. gr.

		<i>Gjald kr.</i>
18.1	Umsýslukostnaður vegna grenndarkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga	90.850
18.2	Umsýslukostnaður vegna málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga	51.900
18.3	Innheimta skal útlagðan kostnað vegna auglýsinga skipulagsáætlana samkvæmt reikningi	

## 19. gr.

Þegar vísað er í þessari samþykkt til þess að skipulagsfulltrúi skuli gera samning, þá skal skipulagsfulltrúi og umsækjandi gera samning sín í milli um viðkomandi verkefni sem skipulagsfulltrúi skal hafa umsjón með eða vinna. Semja skal um hámark samningsfjárhæðar sem skal endurspeglar kostnað af vinnu skipulagsfulltrúa. Hámarksfjárhæð samningsins skal byggð á þeim tímafjölda sem áætlað er að skipulagsfulltrúi muni þurfa að verja við verkið. Samningsfjárhæð skal vera hámarks-greiðsla umsækjanda, þó að kostnaður reynist meiri en samningur tilgreinir, en ef kostnaður við vinnu skipulagsfulltrúa verður lægri skal sá mismunur endurgreiddur. Umsækjandi skal greiða umsamda samningsfjárhæð við undirritun samnings og skal skipulagsfulltrúi endurgreiða umsækjanda mismun ef raunkostnaður samningsins er lægri en samningsfjárhæð.

## 20. gr.

Gjöld sem innheimt eru samkvæmt þessari samþykkt skulu aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við veitta þjónustu.

## 21. gr.

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari samþykkt fellur í gjalddaga við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi. Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðalskipulagi eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða fyrir samþykkt og útgáfu framkvæmdaleyfis. Samningsfjárhæð samnings samkvæmt 9. gr. samþykktar þessarar fellur í gjalddaga við undirritun samnings.

## 22. gr.

Heimilt er að veita afslátt, allt að 50% frá samþykkt þessari, ef sýnt er fram á að verkefni er umfangslítið og kostnaður óverulegur. Ákvæði þetta á þó ekki við um afgreiðslugjald.

## 23. gr.

*Ýmis ákvæði.*

Öll gjöld önnur en gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 148,4 stig í nóvember 2020. Endurreikna skal gjöldin í upphafi hvers almanaksárs, á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar í janúar og skal sá útreikningur gilda til loka viðkomandi árs.

Upphæð gjalda samkvæmt 11. og 12. gr. skal taka mið af kostnaði við þjónustu og einstök verkefni og skal byggð á rekstraráætlun þar sem rökstudd eru þau atriði sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera herra en sá kostnaður sem af hlýst.

Öll gjöld samkvæmt samþykkt þessari eru ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989. Framkvæmdaleyfisgjöld og gjöld vegna skipulagsvinnu njóta þó ekki lögveðsréttar. Séu

gjöld ekki greidd á eindaga skulu reiknast dráttarvextir frá gjalddaga, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða þegar byggingarleyfi er afturkallað vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur frá sveitarfélaginu. Staða lóðarhafa fer þá eftir gildandi verklagsreglum vegna lóðaskila eða öðrum ákvörðunum hreppsnefndar.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Vopnafjarðarhreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

#### 24. gr.

##### *Heimildarákvæði.*

Hreppsnefnd er heimilt að undanþiggja einstök hverfi, götur eða landsvæði ákvæðum 3. gr. að öllu leyti, ef um er að ræða að sveitarfélagið semji við einn og sama framkvæmdaraðila um að taka að sér að byggja öll mannvirki á svæðinu og ganga að fullu frá götum, bifreiðastæðum, opnum svæðum o.s.frv. Í slíkum tilfellum skal framkvæmdaraðili greiða sveitarsjóði sem nemur að minnsta kosti 15% af útreiknuðu samanlögðu gatnagerðargjaldi til að standa straum af kostnaði við tengigötur. Sveitarfélagið skal eftir sem áður yfirtaka til rekstrar þær götur sem byggðar eru með framangreindum hætti.

#### 25. gr.

##### *Samþykkt og gildistaka.*

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld vegna mannvirkjamála byggja á 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir byggja á skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 20. gr. laganna, sbr. einnig 18. gr. og 2. mgr. 38. gr. laganna.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt Vopnafjarðarhrepps um sama efni, nr. 1395/2020. Þó gildir vegna gatnagerðargjalds, sem lagt hefur verið á fyrir gildistöku samþykktar þessarar en hefur ekki verið greitt að fullu, að farið skal eftir ákvæðum þeirrar samþykktar sem álagning gatnagerðargjalds byggði á.

*Samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, 14. desember 2021.*

**Sara Elísabet Svansdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2021